ÖRN BÍLALEIGA
Akureyri
Sími 24838

VISA
Verslið með VISA



ALFREÐ ÞORSTEINSSON
skipar 2. sæti á lista Framsóknarflokksins við borgarstjórnarkosningarnar 31. maí 1986.
ÞJÓNUSTUKJARNA Í SUÐUR-MJÓDD.
X-B

Tíminn
Miðvikudagur 28. maí 1986

Hver Íslendingur skuldar 281 þús. í útlöndum:

Erlendu skuldirnar aldrei verið hærri

– komust í rúmlega 56% af landsframleiðslu í fyrra

Nettóskuldir Íslendinga við útlönd námu orðið 62.253 milljónum í árslok 1985 ef reiknað var á meðalgengi ársins (um 67.920 millj. á gengi um áramót), sem jafngilti um 56,1% af vergri landsframleiðslu. „Þetta er hæsta nettóskuldastöðuhlutfall sem verið hefur", segir m.a. í nýjustu Hagtíðindum Seðlabankans um stöðu þjóðarbúsins út á við. Með nettóskuldum er átt við allar skuldir Íslands við önnur lönd að frádregnum erlendum eignum og öðrum kröfum á útlönd. Skuldahlutfallið hafði hækkað úr 53,3% af VLF árið áður. Hækkun langra erlendra lána á árinu nam um 5.465 milljónum miðað við meðalgengi ársins 1985.

Nærri fimmti hluti (19,2%) útflutningstekna þjóðarinnar fór til greiðslu vaxta og afborgana (þar af 10,4% í vextina eina) af þessari skuldasúpu í fyrra. Það hlutfall lækkaði þó frá árinu áður vegna lækkandi vaxta erlendis.

Ef spár um viðskiptajöfnuð ársins 1986 ganga eftir telur Seðlabankinn horfur á minni erlendri skuldasöfnun en undanfarin ár og áætlar að skuldahlutfallið geti þá komist niður í 50% af VLF í árslok 1986. Þar sé um að ræða samverkandi áhrif af lækkun á gengi Bandaríkjadollars og aukinni framleiðslu. Þrátt fyrir að reiknað er með lægri vöxtum á alþjóðamarkaði er gert ráð fyrir að greiðslubyrði af lánum haldist óbreytt, þar sem afborganir af lánunum þyngist á móti.

Til að átta sig betur á hvað 67.920 milljón króna skuld um áramót þýðir má geta þess að væri henni skipt jafnt niður á alla Íslendinga kæmi um 281 þús. kr. á herðar hvers og eins eða rúmlega 1,1 milljón á hverja meðalfjölskyldu. Fyrrnefnd 5.465 milljóna króna skuldaaukning á árinu samsvarar um 22.600 kr. á hvern Íslending að meðaltali eða um 90 þús. króna skuldaaukningu á hverja meðalfjölskyldu.

–HEI

Rás A kl. 14:00 í dag:

B-vítamín

Kynning á frambjóðendum B-listans á nokkrum stöðum undir stjórn Jóns Ólafssonar

B-vitamín verður á dagskrá rásar A í dag kl. 14:00. Í þættinum mun Jón Ólafsson spretta úr spori með efstu mönnum B-listans í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Garðabæ, Mosfellssveit og Akranesi. Spiluð verður hressileg tónlist þess á milli. Rás A er eins og flestir vita á FM 103 og þátturinn stendur í einn og hálfan tíma.

ABS



Við uppsetningu sýningarinnar. Lögreglumenn fylgjast grannt með öllu sem fram fer.

Tímamynd: Pétur.

Picasso sýningin sett upp á Kjarvalsstöðum:

DÝRGRIPIRNIR UNDIR EFTIRLITI LÖGREGLU

– 50-55 verk eftir meistarann verða á sýningunni

Í gær voru dýrgripir Pablo Picasso fluttir til Kjarvalsstaða. Þar var strax hafist handa við að taka málverkin upp úr kössum og fylgst var með spenningi með hverjum einasta hlut, er hann var dreginn fram í dagsljósið.

Milli 50 og 55 verk verða á þessari einstæðu sýningu, og mörg þeirra meðal þekktari verka meistarans. Meðal þeirra má nefna „portret af Jaqueline R. með rósir", frá 1954. Á bakhlið hefur Picasso skrifað, – „til Jaqueline, 25.4. '67". Myndirnar spanna allan feril Picassos, en ekki var komið í ljós í gær hvort nokkrar myndir frá hinu fræga bláa tímabili væru með í farangrinum.

Í dag kemur síðan Jaquelin ekkja Picasso til landsins, en sýningin verður hengd upp á morgun.

phh.

Arnarflug:

Hlutafjárloforð staðfest

Arnarflug hefur nú náð samningum við alla helstu lánardrottna sína og uppfyllt þau skilyrði sem þeir einstaklingar og fyrirtæki settu á sínum tíma fyrir þátttöku í hlutafjáraukningu og fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins.

Helgi Jóhannsson framkvæmdastjóri Samvinnuferða og talsmaður þeirra sem hyggjast leggja fé í fyrirtækið sagði í samtali við Tímann í gær, að verið væri að ganga endanlega frá hlutafjáraukningu, þar sem þeir sem gefið hafa hlutafjárloforð staðfesta þau. Fyrirhugaður var í gærkvöld fundur með hinum nýja hluthöfum, þar sem hlutafjáraukningin yrði formlega staðfest.

Stálfélagið hjá skiptaráðanda:

Stjórnin reynir að bjarga fyrirtækinu

Á í viðræðum við erlenda aðila

Stjórn Stálfélagsins á nú í samningaviðræðum við erlenda aðila sem telja raunhæfan rekstrargrundvöll fyrir rekstri stálverksmiðju hérlendis, en eins og fram hefur komið er félagið nú til gjaldþrotaskipta hjá skiptaráðanda í Hafnarfirði. Að sögn Sigtryggs Hallgrímssonar, starfsmanns Stálfélagsins, á fyrirtækið fyrir skuldum samkvæmt ársreikningi síðasta árs. Ástæðan fyrir því að það er nú til gjaldþrotaskipta er úrskurður Hæstaréttar 2. maí um greiðslustöðvun að kröfu eins kröfuhafa. En stjórn félagsins hyggst róa að því öllum árum að bjarga fyrirtækinu frá gjaldþroti og voru stjórnarmenn bjartsýnir um það á fundi í gær.

Stálfélagið var stofnað árið 1982 með það í huga að endurvinna íslenskt brotajárn. Stjórn þess hefur síðan þá átt í viðræðum við erlenda aðila og ríkissjóð um þátttöku í fyrirtækinu en þær viðræður hafa ekki borið árangur enn. Allar kannanir á fyrirtækinu hafa bent til mikillar arðsemi.

–gse

Breytingar á Japanstogurunum:

Slippstöðin býður ein og sér

– aðrir íhuga samstarf – 28 erlendir aðilar sýna áhuga

Frestur til að skila inn tilboðum í togarana sex sem Félag japanskra skuttogaraeigenda (FJAS) hyggst láta breyta hefur verið framlengdur til 16. júní, en átti fresturinn á því að renna út 5. júní. Að sögn Steinars Viggóssonar hjá Ráðgarði, sem sér um útboðin f.h. FJAS, er þetta gert vegna þess að menn tóku nokkuð seint við sér og fjölmargir erlendir aðilar hafa viljað koma hingað til lands og skoða skipin. Alls hafa 28 erlendir og 4 innlendir aðilar óskað eftir útboðsgögnum. Hér er um að ræða umfangsmesta verkefni af þessu tagi sem boðið hefur verið út hér á landi og nemur það hundruðum milljóna. Þegar útboðsgögn lágu fyrir á sínum tíma kom til tals að einhverjar hinna íslensku skipasmíðastöðva hefðu með sér samstarf um verkið ef það mætti verða til þess að það yrði unnið hér heima. Af þeim fjórum fyrirtækjum sem fengið hafa útboðsgögn hafa fyrirtæki á suð-vestur horninu verið að íhuga þessi mál þó ekki hafi komið fram neitt formlegt samkomulag milli þeirra. Þau fyrirtæki sem fengið hafa útboðsgögn sunnanlands eru Þorgeir og Ellert, Stálvík og Stálsmiðjan. Slippstöðin á Akureyri hyggst hins vegar bjóða í verkið upp á eigin spýtur. Matthías Sveinsson framkvæmdastjóri Stálvíkur sagði í samtali við Tímann í gær að það væri stefnt að því að nokkrar smiðjur og aðrir sem væru í þessum iðnaði stæðu saman að tilboðsgerðinni og þeir hefðu þegar leitað til 17-18 aðila í því sambandi. Hugmyndin væri að Stálvík myndi bjóða í verkið og þessir aðilar yrðu þá undirverktakar. Hann sagði að hugmyndin gengi m.a. út á að ná saman smiðjunum á suðvestur horninu s.s. Stálsmiðjunni o.fl. Hvað varðar samstarf við stærri aðila eins og Þorgeir og Ellert á Akranesi og Slippstöðina á Akureyri sagði hann að slíkt hafi ekki verið formlega tekið til urmæðu, en þó væri ljóst að þeir ættu auðveldara með samstarf við aðila á eða nálægt höfuðborgarsvæðinu. Engu að síður væru þeir mjög opnir fyrir samstarfi við hvern sem er hvar sem er á landinu, ef það gæti aukið líkurnar á því að verkið héldist í landinu.

Sigurður Ringsted yfirverkfræðingur hjá Slippstöðinni á Akureyri sagði við Tímann í gær að þeir hefðu ákveðið að bjóða í skipið og að þeir væru það sterkir að þeir gætu gert það upp á eigin spýtur.

–BG